

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1102
komudagur 24.2.2004



IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS
LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA
STOFNAÐ 1944

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18.02.2004

Efni:

Umsögn Iðnnemasamband Íslands um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, sem verður lagt undir 130. löggjafarþing 2003-2004.

Iðnnemasamband Íslands tók fyrir frumvarpið á framkvæmdarstjórnarfundi og er það skoðun okkar að frumvarpið ætti að ná fram að ganga.

Með því að lækka aldurinn á áfengiskaupum á léttvíni og bjór stuðlum við að því að minna verði drukkið af sterku víni. Vonandi getur þetta einnig orðið til þess að landasala minnki hjá þessum aldurshóp. Vonandi beinir þetta sjónum unglinga að löglegum vímuefnum og verði til þess að aðsókn í ólögleg vímuefni minnki.

Með þetta til hliðsjónar er meðfylgjandi frumvarp til laga nr. 96/1995 um auknar tekjur til forvarnarsjóðs góður kostur sem við styðum eindregið.

En þetta hefur einnig galla í för með sér sem rétt er að athuga því þetta getur orðið til þess að aukin drykkja hjá þessu aldurshópi. Einnig getur þetta haft áhrif á drykkju yngri unglinga. Viljum við leggja til að það verði tekið skýrt fram að skemmtistaðir verði áfram fyrir 20 ára og eldri vegna þess að þar er selt sterkt áfengi.

J



IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA

STOFNAÐ 1944

Þetta mun einnig hafa áhrif á félagslíf í framhaldsskólanna. Einnig helst vegna þess að þá vilja þeir halda skemmtanir fyrir þann aldurshóp sem má verlsa áfengi (léttvín og bjór).

Með von um að þetta verði tekið til alvarlegrar umfjöllunar og allir kostir og gallar vegnir og metnir.

Vonumst við þó til þess að frumvarpið nái fram að ganga.

f.h. Iðnnemasambands Íslands

Helgi Einarsson

Formaður Iðnnemasambands Íslands